

Nesfréttir

MARS 2021 • 3. TBL. • 34. ÁRG. • www.borgarblod.is

Erum einnig á vísir.is



Jáverk mun byggja í Bygggörðum

Gróttubbyggð er nýtt hverfi sem mun rísa vestast á Seltjarnarnesi. Mikill áhugi var meðal verktaka sem og fjárfesta að koma að uppbyggingu á svæðinu.

Verktakafyrirtækið Jáverk var þar hlutskarpast og stefnt er að uppbyggingu, á svæði A, á næstu mánuðum. Í þeim áfanga verða byggðar um 130 húsnæðiseiningar, íbúðir jafnt sem einbýlishús, af öllum stærðum og gerðum.

Hönnun hverfisins er nú í vinnslu, en í þeirri vinnu verður leitast við að tengja byggingarnar og nærumhverfi þeirra náttúru svæðisins en staðsetningin er einstök og

er óhætt að fullyrða að margir Seltirningar biði spenntr eftir lokaútkomunni og að húsnæðiseiningarnar fari í sölu.

Jáverk er öflugur verktaki með gott orðspor. Félagið er með mikla reynslu en það starfar bæði á útboðsmarkaði og í eigin verkum. Starfsmenn félagsins eru 110 en fyrirtækið hefur einnig byggt upp öflug sambönd við fjölda undirverktaka og birgja.

Hægt er að fylgjast með framgangi verkefnisins á heimasíðunni www.grottubbyggd.is, og jafnframt er hægt að skrá sig þar á póstlista.

Opið
8-24
alla daga
Á EIDISTORGI
HAGKAUP

Velkomin á Grandann

Nú sækjum við og skilum bílnum



Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • www.frumherji.is • Opið mánudaga–föstudaga kl 8–16:30



KOMDU MEÐ BÍLINN Í TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgeði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Stöðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Rétting og málning

Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Framrúðuskipti

Skiptum um framrúður og önnur annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt límdar rúður sem og aðrar, ásamt glerheinsun á bil.



Smáviðgerðir

Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



Draghals 6-8
110 Reykjavík
sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is
www.tjon.is

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Bæjarskrifstofunarbá Eiðistorg?

Þegar Eiðistorgið var byggt var því ætlað að vera verslunarbá og þjónustukjarni fyrir Seltjarnarnes. Því var ætlað að verða samastaður mannlífs líkt og miðkjarnar vera oft í bæjum og borgum.

Nokkuð vel tókst til með íbúðabyggingu við torgið en sama verður ekki sagt um þjónustuhlutann. Til að örva mannlíf á torginu var lagt í að byggja yfir það.

Ekkert var í öllu farið eftir hönnun arkitekts við byggingu þess. Trúlega til að spara fé. Gallar hafa komið fram aftur og aftur. Skemmdir komið fram. Og nú eru brunavarnir í ólagi.

Fyrirtæki hafa komið og farið. Oft hafa verslunarbáss og önnur rými staðið ónotuð um lengri eða skemri tíma.

Framtak Seltirningsins Jóns von Tetzchner stofnanda Opera og Vivaldi og fjárfestis hefur vakið athygli og styrkt tilveru Eiðistorgs verulega.

Hann hefur fjárfest umtalsvert á torginu og fyrirtæki hans Innovation House hefur skapað aðstöðu fyrir margvíslega frumkvöðlastarfsemi.

Talsvert húsrými er án notkunar á Eiðistorgi. Þar á meðal húsnæði sem áður hýsti útibú Íslandsbanka og starfsstöð lögreglunnar á árum áður. Húsnæði sem er í eigu Jóns von Tetzchner.

Skrifstofur Seltjarnarnesbæjar eru við Austurströnd. Með því að fá gott húsnæði við torgið gæti bærinn losað húsnæðið við Austurströnd. Að sama skapi myndi koma bæjarins auka umferð fólks um Eiðistorg og tengsl við aðra sem kjósa að starfa þar.

Ítalskt í Ráðagerði



Ætlað er að opna veitingastað í Ráðagerði á Seltjarnarnesi í sumar.

Gísli Björnsson veitingamaður áformar ásamt félögum sínum, þeim Jóni Ágústi Hreinssyni og Viktori Má Kristjánssyni, að opna veitingastað í Ráðagerði á Seltjarnarnesi í sumar. Hann segir að þeir félagar hafi lengi unnið saman, séu vanir veitingamenn og rekstraraðilar á ýmsum veitingastöðum í Reykjavík.

Markmiðið sé að gera notalegan stað sem allir aldurshópar geta notið sín frá klukkan 9.00 til 23.00. Ætlunin sé að bjóða upp á mat og drykk með ítölsku ívafi með áherslu á aperitivo-stemninguna sem hefur svo lengi verið í hávegum höfð á Ítalíu. Boðið verður upp á ýmsa smárétti, eldbakaðar pítsur, tartine-samlökur og ýmislegt fleira spennandi.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og
ræðum skipulag útfarar ef óskað er

SÍÐAN 1996



Sverrir Einarsson

www.utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



DAGSKRÁ MARS & APRÍL

Páskagetraun til 29. mars

Taktu þátt

Í lauflettri páskagetraun bókasafnsins og þú gætir unnið páskaegg. Dregið verður um vinningshafa mánudaginn 29. mars



GALLERÍ GRÓTTA - sýning til 10. apríl

Surtsey - Mosabollar í boði náttúrunnar

Verið hjartanlega velkomin á sýningu myndlistarkonunnar Þórunnar Báru Björnsdóttur. Sýningin stendur til 10. apríl.



BÓKMENNTAKVÖLD 30. mars kl. 19.30-20.30

Sigríður Hagalín fjallar um og les upp úr bók sinni Eldarnir – Ástin og aðrar hamfarir

Allir velkomnir meðan húsrúm og fjöldatakmörkun leyfir. Grímuskylda og fólk er beðið að virða 2ja metra reglu.

Hægt að skrá þátttöku með því að skanna QR kóðann eða í gegnum fb síðu bókasafnsins: Bókasafn Seltjarnarness



Prjónaklúbburinn SelGARNanes

SelGARNanes og nágrenni

Vekjum athygli á prjónaklúbbnum sem hittist alla jafna einn mánudag í mánuði á Bókasafni Seltjarnarness kl. 20.00 Fylgist með á facebook-síðu klúbbsins: SelGARNanes og nágrenni



20. apríl kl. 11.30-12.30

Lesið fyrir hund – Vigdís – Vinir gæludýra á Íslandi

Börnum er boðið að heimsækja safnið og lesa sér til ánægju fyrir hunda sem eru sérstaklega þjálfaðir til að hlusta á börn lesa. Sex börn komast að í hvert skipti. Skráning á saeunn.olafsdottir@seltjarnarnes.is eða í síma 5959-170



Sýning á Bókasafni Seltjarnarness

LISTAVERKIN OKKAR

Bókasafn Seltjarnarness hefur í gegnum tíðina fengið vegleg listaverk að gjöf sem nú eru öll til sýnis í safninu.



**Bókasafn
Seltjarnarness**

**LOKAÐ VERÐUR
Í BÓKASAFNI
SELTJARNARNESS
UM PÁSKANA
1. - 5. APRÍL**

**OPNUM AFTUR
PRIÐJUDAGINN
6. APRÍL**



Innleiðir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Á dögum undirritaði Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri, fyrir hönd Seltjarnarnesbæjar, samstarfssamning við UNICEF á Íslandi og Félagsmálaráðuneytið um þátttöku í verkefni Barnvæn sveitarfélög. Samningurinn markar þau tímamót að Seltjarnarnesbær hefur vinnu við að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og stefnir bæjarfélagið að því að hljóta viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag UNICEF á Íslandi.

Seltjarnarnesbær ásamt fjórum öðrum sveitarfélögum sem eru nú að hefja þessa vegferð bætast þar með í hóp 12 annarra sveitarfélaga sem vinna nú markvisst að því að innleiða barnasáttmálann og gera réttindi barna að veruleika með stuðningi frá UNICEF á Íslandi og Félagsmálaráðuneytinu.

Undirritunin fór fram í húsakynnum UNICEF á Íslandi að viðstöddum félagsmálaráðherra og fulltrúum þeirra fimm sveitarfélaga sem leggja nú af stað í þennan mikilvæga leiðangur. Leiðangur þar sem að mannréttindi og þarfir barna verða sett í forgrunn í allri þjónustu við börn sem og þegar að ákvarðanir og verkferlar eru skoðaðir.

Ánægjudagur og tilhlökkun

„Þetta er mikill ánægjudagur og við hjá



Undirritunin fór fram í húsakynnum UNICEF á Íslandi að viðstöddum félagsmálaráðherra og fulltrúum þeirra fimm sveitarfélaga sem leggja nú af stað í þennan mikilvæga leiðangur.

Seltjarnarnesbæ hlökkum til að takast á við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og munum gera það af metnaði. Barnasáttmálinn útskýrir hvað það þýðir að vera barn, hver öll réttindi barna eru sem og skyldur foreldra og stjórnvalda. Sáttmálinn leggur þær skyldur á sveitarfélög að grípa á markvissan hátt til aðgerða til að tryggja velferð barna, m.a. á sviði mennta-, heilbrigðis- og félagsmála. Sáttmálinn tryggir börnum enn fremur rétt til að láta í ljós

skoðanir sínar á öllum málum sem þau varða með einum eða öðrum hætti, í takt við aldur þeirra og þroska. Það skiptir miklu máli að hafa börnin með í ráðum, hlusta og taka tillit til skoðana þeirra. Að þessu verkefni vill bæjarstjórn Seltjarnarnes vinna með öllum í okkar góða samfélagi og stofnunum bæjarins.“ Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar.



Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri með barnasáttmálann.

Stöðubrotagjöld á Seltjarnarnesi

Bílastæðasjóður Seltjarnarnesbæjar hefur tekið til starfa. Verkefni sjóðsins er að sjá til þess að allir íbúar Seltjarnarnesbæjar komist leiðar sinnar á sem öruggastan og besta máta, sama hver ferðamatinn er hverju sinni og án truflunar frá ökutækjum sem lagt er

ólöglega. Stöðuverðir sjá um eftirlit og að leggja á stöðubrotsgjöld.

Hlutverk Bílastæðasjóðs er að auka þjónustu við íbúa til að komast leiðar sinnar á sem öruggastan og besta máta, sama hver ferðamatinn er hverju sinni. Bílastæðasjóður

er í eigu Seltjarnarnesbæjar. Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar fer með stjórn bílastæðasjóðs en sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs er yfirmaður bílastæðasjóðs og sér um daglegan rekstur hans, þ.m.t. að annast framkvæmd stefnu og verkefna sjóðsins sem og samskipti við stjórn-sýslu og stofnanir bæjarins. Stöðuverðir sjá um eftirlit og leggja á stöðubrotsgjöld.

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIDURINN HF

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30



MotorMax

Smurstöð

Opnunartímar

Virka daga 07:45 til 17:00

**ENGAR
TÍMAPANTANIR!**

Motormax er þjónustufyrirtæki í glæsilegu húsnæði að Vatnagörðum 12.

Við leggjum áherslu á smurþjónustu og bílaprif. Renndu við engar tímapantanir í smurþjónustu.

Tímabókanir fyrir bílaprif í síma 545 4040 og á: motormax@motormax.is



Motormax ehf.
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040

motormax@motormax.is

Dagur leikskólans

Listaverk á Eiðistorgi



Á myndunum má sjá verk barnanna í tilefni af degi leikskólans.

Börnin í Sólbrekku sýndu listaverk á Eiðistorgi í tilefni af Degi leikskólans 6. febrúar sl. Dagur leikskólans er haldinn hátíðlegur þann dag. Starfsfólk leikskóla er hvatt til þess að halda upp á daginn og gera starf leikskólans sýnilegt.

Það var að sjálfsögðu gert í leikskóla Seltjarnarness meðal annars með því að skreyta Eiðistorgið því eins og vegfarendur hafa séð eru

litrík og falleg listaverk á handriði og gluggum torgsins. Það voru börnin í Sólbrekku sem máluðu listaverkin með glerlitum og eins og sjá má á meðfylgjandi myndum fengu listamennirnir á njóta sín og skapa að vild. Íbúar eru hvattir til að skoða þessi fallegu listaverk ungu og upprinnandi listamannanna sem gáfu torginu heldur betur skemmtilega upplýftingu.

AS WE GROW

UMHVERFISVÆN ÍSLENSK HÖNNUN



WWW.ASWEGROW.IS
GARÐASTRÆTI 2 REYKJAVÍK

Bókasafn Seltjarnarness

Breytingar á mannauði



Fráfarandi starfsfólk Bókasafn Seltjarnarness: Dagný Ingibjörg Þorfinnsdóttir bókavörður, Sigríður Gunnarsdóttir (Sirrý) barnabókavörður og Ingibjörg Ragnheiður Vigfúsdóttir bókavörður.



Nýtt starfsfólk Bókasafn Seltjarnarness: Sæunn Ólafsdóttir barnabókavörður, Tryggvi Steinn Sturluson bókavörður og Móheiður Hlíf Geirlausdóttir.

Árið 2020 var ár breytinga hjá okkur í starfsmannaliði bókasafnsins en þá hættu störfum þar kanónur safnsins til margra ára; Dagný Ingibjörg Þorfinnsdóttir bókavörður, Sigríður Gunnarsdóttir (Sirrý) barnabókavörður og Ingibjörg Ragnheiður Vigfúsdóttir bókavörður. Allar höfðu þær starfað í 18 ár eða lengur hjá safninu. Við óskum þeim öllum velfarnaðar í framtíðinni og þökkum kærlega samstarfið. Að sama skapi bjóðum við nýja starfsmenn hjartanlega velkomna til starfa en þau eru; Sæunn Ólafsdóttir barnabókavörður, Tryggvi Steinn Sturluson bókavörður og Móheiður Hlíf Geirlausdóttir.

Velkomin á Bókasafn Seltjarnarness.



www.systrasamlagid.is



aurum
— BY —
GUÐBJÖRG

Bankastræti 4 | sími: 551 2770 | www.is.aurum.is

FRÍ HEIMSENDING HEIM AÐ DYRUM

Passíusálmarnir lesnir í Seltjarnarneskirkju

- kirkjan opin áheyrendum og lestrinum jafnframt streymt á netinu

Fyrir löngu er orðin hefð að lesa alla 50 Passíusálma sr. Hallgríms Péturssonar upp í Seltjarnarneskirkju á Föstudaginn langa sem að þessu sinni er 2. apríl. Lesturinn hefst kl. 13 og lýkur um kl. 18. Hópur Seltirninga á ýmsum aldri og báðum kynjum annast lesturinn, flestir tvo sálma.

Hægt að hlusta í kirkjunni eða heima

Vegna veirufaraldursins var lestrinum í fyrra streymt á Fésbókarsíðu Seltjarnarneskirkju og verður svo einnig að þessu sinni. Þannig mun öllum gefast kostur á að hlusta á sálmana heima hjá sér. En að öllu óbreyttu verður einnig hægt að koma í kirkjuna til að hlýða á lesturinn og

tónlist sem flutt verður inn á milli. Geta áheyrendur dvalið í kirkjunni lengur eða skemur eftir aðstæðum.

Hinn dýrmæti kveðskapur séra Hallgríms og sú fagra tónlist sem flutt er við þetta tækifæri hafa jafnan skapað ljúft andrúmsloft í kirkjunni á þessum helga degi – krossfestingardeggi Krists - sem í hugum margra er sá allra helgasti á öllu kirkjuárinu. Auk þess að rífa upp sögu krossfestingarinnar eru í Passíusálmunum dýrmæt heilræði sem öllum er hollt að hugleiða til eftirbreytni og farsældar í daglegu lífi. Ekkert sem samið hefur verið á íslensku hefur verið gefið út jafnoft og þessi óviðjafnanlegi kveðskapur sálmaskáldsins.

Ómetanleg heilræði fyrir nútímafólk



Steinunn Jóhannesdóttir les sálmana á Rás 1

Eins og jafnan fyrir páska stendur nú yfir í Ríkisútvarpinu (Rás 1) lestur Passíusálmanna, einn sálmur á hverju kvöldi. Hinn vinsæli rithöfundur og leikkona Steinunn Jóhannesdóttir, sem á

liðnum árum hefur látið frá sér fara margan fróðleik um séra Hallgrím og Guðríði eiginkonu hans, les nú sálmana af aðáunarverðum innileik. Er mikil unun að hlýða á lesturinn. Með ólíkindum er að átta sig á hve þessi aldagamli kveðskapur á beint og brýnt erindi við nútímafólk ekki síður en fyrri kynslóðir. Lesturinn er að loknum tíufréttum á kvöldin alla daga nema um helgar. Enginn mun sjá eftir að leggja við hlustir.

Sóknarnefnd Seltjarnarneskirkju og Listvinafélag Seltjarnarneskirkju standa að flutningi Passíusálmanna í kirkjunni nú eins og áður. Allir eru velkomnir í kirkjuna að hlýða á sálmana og tónlistina, bæði Seltirningar og aðrir. Sóttvarnarreglur í gildi verða að sjálfsögðu virtar.



SUMARSTÖRF HJÁ SELTJARNARNESBÆ 2021

Seltjarnarnesbær vill ráða ungt fólk til sumarstarfa 18 ára og eldri (fædd 2003 og eldri). Um er að ræða almenn garðyrkjustörf, verkamannastörf og ýmis afleysingastörf. Einnig er auglýst eftir ungmennum 20 ára og eldri (2001 og eldri) í störf yfirflokkstjóra, flokkstjóra og leiðbeinenda. Skilyrði fyrir ráðningu er að eiga lögheimili á Seltjarnarnesi. Sækja skal um störfina á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar, www.seltjarnarnes.is – Störf í boði.

Umsóknarfrestur er til 12. apríl 2021

Nánari upplýsingar um hvert starf og starfstímabil eru á umsóknarsíðu á seltjarnarnes.is

VINNUSKÓLI 8. – 10. BEKKUR OG 17 ÁRA F. 2004

Vinnutími Vinnuskóla verða 7 stundir á dag, 4 daga vikunnar fyrir umsækjendur sem fæddir eru 2004 og 2005.


Vinnutími verða 3,5 stundir á dag, 4 daga vikunnar fyrir umsækjendur sem fæddir eru 2006 og 2007. Ekki er unnið á föstudögum. Vinnutímabil Vinnuskólans er frá 14. júní til 22. júlí.

Umsóknarfrestur er til 26. apríl 2021

Vinnuskólinn verður settur 10. júní kl. 11:00 í Valhúsaskóla

Sótt er um störfina á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar, www.seltjarnarnes.is. – Störf í boði. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu og í þjónustuveri Seltjarnarnesbæjar í síma 5959 100.

Eignir seldar á Seltjarnarnesi 2021



SELT
Fimm til sex herbergja á efstu hæð



SELT
206 fm endaraðhús



SELT
184 fm endaraðhús



SELT
2ja herbergja íbúð



SELT
150 fm þakíbúð



SELT
Íbúð fyrir 65 ára og eldri



SELT
340 fm einbýlishús



SELT
Nýlega 3ja herbergja íbúð



SELT
Efri sérhæð með bílskúr



SELT
320 fm einbýlishús með aukaíbúð



SELT
294 fm einbýlihús



SELT
Einbýlishúsalóð

Mikil sala á Nesinu og langur listi kaupanda
ERTU Í **SÖLU**HUGGLEIÐINGUM?

Hafðu samband við Ólaf í síma 822 2307
og fáðu verðmat á þína eign.



Nánari upplýsingar veitir:

Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Elisabet Jónsdóttir - Erindi flutt í Seltjarnarneskirkju á konudaginn 15. febrúar 2021

Allar konur til hamingju með daginn

“Það er ekkert kvenfólk í sveitinni nema konurnar.” Þetta sagði Sigurjón í Grænanesi við Steingrímsfjörð á Ströndum. Forsagan er að við hjónin áttu hluta í bústað í landi Grænaness. Sigurjón geymdi fyrir okkur lykilinn. Eitt skipti þegar ég sótti lykilinn hafði Sigurjón byggt við bæinn. Þetta var gamall bær sem hann hafði tekið við af foreldrum sínum. Hann hafði aldrei gifst eða eignast börn. Viðbyggingin var baðherbergi og lítið gestaherbergi. Hann sýndi mér setkarið í baðherberginu og vatnssalernið. Hann sturtaði líka niður fyrir mig til að sýna að þetta virkaði. Hann bað mig að skrifa í afmælisdagabókina sína sem ég og gerði. Ég leit í kringum mig í gestaherbergin en þar var dívan, borð og stóll. Ég sá að faldurinn á divanteppinu var ófrágenginn og var að rakna upp svo ég spurði. „Ekki hefur þú faldað teppið sjálfur?“

“Það er ekkert kvenfólk í sveitinni nema konurnar.” Það tók mig nokkurn tíma að skilja hvað hann var að segja. Konurnar voru bóndakonurnar sem átti eiginmenn en kvenfólkið voru ógiftar konur sem fóru á milli bæja og saumuðu eða gerðu önnur heimilisverk og fengu greitt fyrir.

Tengist norrænu tímatali

Konudagur tengist norrænu tímatali. Konudagur er í byrjun Góu og Bóndadagur í byrjun Þorra. Og konudagurinn er ekki til á hinum Norðurlöndunum.

Hver er staða kvenna á Íslandi í gegnum tíðina? Landnámskonurnar eins og Auður djúpúðga sem var mikil hetja og þurfti að sýna mikinn styrk og kænsku til að koma fjölskyldu sinni til Íslands og setjast hér að. Konur voru bóndakonur í torfbæjum þar sem aðstaðan var ekki alltaf góð til að sinna matreiðslu og halda hreinu. Þær

unnu innanhúsverkin og önnuðustu fólkið frá vöggju til grafar. Börnin frá því þau fæddust og elsta fólkið þar til það dó. Uppeldi barnanna var samofið lífinu á sveita-bæjunum og menntunin fór líka fram þar. Þær mjólkðu líka kýrnar og unnu við heyskap. Á stærri bæjum þar sem voru betri efni höfðu þær vinnukonu.

Sjómannskonurnar sáu um heimilið barnauppleidið og sáu um allt þegar maðurinn var á sjó. Þær sáu oft um fjármálin líka. Þær urðu oft ekkjur.

Hver er vaktin

Ég ætla að vitna í grein eftir Björgheiði M. Helgadóttur frá 19. október 2020 í Vísu. Þar skrifar hún um þriðju vaktina og Ofurkonuna.

Vaktin er heimilsvaktin.

Vaktin er vinnuvaktin.

Vaktin er andleg byrði sem fylgir skipulagningu í kringum heimilið.

Það er að muna eftir afmælisdögum og kaupa gjafir. Þetta tengist



Elisabet Jónsdóttir.

líka vinnustöðum, hjá systkinum, kærustupörum, vinahópum og umönnun aldaðra foreldra. Það fellur oft á konuna að hugsa um sína foreldra og tengdaforeldrana. Þegar þarf að gefa upplýsingar um þau segir maðurinn talaðu við konuna mína hún veit þetta betur. Það er ekki stjarnfræði að þekkja aðstæður sinna eigin foreldra. Ofurkonan á ekki að þurfa að standa ein á vaktinni. Þegar kemur að jafnréttinu þá fá konur í bönkum ekki sömu stöðu og karlar og það hefur ekkert lagast þótt konur hafi orðið bankastjórar. Nýjasta rannsókn sýnir. Ef horft er

á tekjur kynjanna óháð menntun eru heildartekjur karla að meðaltali um 29 prósentum hærra. Ungar konur með börn fá enga aðstoð þótt maðurinn fari að heiman í nokkra daga, en ef konurnar fara að heiman og karlinn er einn með börnin fær hann strax aðstoð.

Haldið uppi af konum

Heilbrigðiskerfinu er haldið uppi af konum, en þær fá samt ekki þau laun sem þær eiga skilið. Konur stuðluðu að byggingu sjúkrahúsa svo sem Landspítala, Hvíta-bandinu, Barnaspítala Hringins

40

Ljósmyndasafn
Reykjavíkur

1981–2021

Sigurhans Vignir

06.03. – 19.09.2021



Hið þögla en göfuga mál

www.borgarsogusafn.is

25% AFSLÁTTUR
AF ALLRI INNIMÁLNINGU



GILDIR TIL
15. APRÍL

malis.is



- vörn til frambúðar

MÁLNINGARVERSLUN ÍSLANDS

Vatnagarðar 16 - 104 Reykjavík - Sími 415 0060 - malis@malis.is



Elisabet Jónsdóttir flutti erindið í Seltjarnarneskirkju.

og Kvennadeildar Landsspítala háskólasjúkrahúss. Flestir kennarar eru konur í leik- og grunnskólum. Helsta fjölgunin karlkennara er í leikskólunum.

Margar konur af minni kynslóð giftust námsmönnum og unnu fyrir heimilinu og svo skildu þeir við þær þegar þeir voru orðnir læknar,

lyfjafræðingar o frv. Börnin fylgdu konunum. Margir karlkyns listamenn áttu duglegar konur sem unnu fyrir heimilinu og studdu þá af ráð og þáð. Ég veit ekki til að þær hafi hlotið nokkur verðlaun fyrir það.

Margar konur hafa stofnað fyrirtæki en fleiri þyrftu að gera það. Lilja Mósesdóttir gerði könnun á níunda áratugnum á konum sem ættu fyrirtæki. Þær stofnuðu fyrirtæki aðeins um það sem þær þekktu og voru flest fyrirtækin hárgreiðslustofur. Sumar konur hafa komist langt eins Sigrún Guðjónsdóttir bróðurdóttir mín. Hennar verkefni hefur verið að láta drauma kvenna rætast. Hún gerir það til að stuðla að jafnrétti og við eigum ekki að vera feimnar við að fá há laun. Það er enn langt í land að konur sitji í stjórnun fyrirtækja á við karla.

Konur hafa alltaf séð um heimilisstörfin og uppeldi barnanna þrátt fyrir að þær fóru síðan út að vinna. Í seinni tíð hafa karlarnir tekið meir og meiri þátt í uppeldi barnanna sem betur fer en enn hvílir meiri hluti heimilisstarfanna á herðum kvenna. Í covidtímanum hefur þetta aukist.

Konur hafa unnið meira en karlar hafa sinnt börnunum meira en áður en bætt litlu af heimilisstörfum á sig.

Viðhorf karla til kvenna

Konur hafa verið í mörgum hlutverkum. Frá því að vera dætur, systur, kærustur, eiginkonur og mæður. Við höfum verið settar á stall eins og Úa í Kristnihaldi undir Jökli eftir Laxness. Við höfum líka verið lítillsvartar og niðurlægðar. Og það er enn að gerast í heiminum í dag. Hvað felur dagurinn í sér og hvað gerist á þessum degi? Fyrir hverjar er konudagurinn? Er þetta heiðursdagur fyrir sumar konur en ekki aðrar?

Vona að við verðum metnar

Vinkona mín fékk einu sinni blómvönd á konudaginn þegar hún var að vinna í fyrirtæki í deild með aðeins körlum og þeir slógu saman í blómvönd handa henni. Þetta er eina skiptið sem hún hefur fengið blóm á konudaginn. Hún hefur átt mann.

Önnur kona fær stundum blóm frá syni sínum. Dagurinn er sennilega fyrir konurnar í sveitinni og í

landinu en ekki kvenfólkið. Ég veit ekki hvað margar stúlkur, unnustur eða ógiftar konur fá blóm á konudaginn. Ekkjur fá heldur ekki blóm eða matarboð eftir að maðurinn er dáinn. Ég hef ekki fengið hvorki blóm né verið boðin út að borða síðan ég varð ekkja. Vonandi fá sem flestar konur blóm og matarboð eða annað gott sem þeim fellur. Ég vona að við verðum metnar fyrir það sem við gerum og höfum gert í gegnum árin.

Getum lyft grettistaki

Og við verðum látnar finna hversu stóru hlutverki við gegnum í þjóðfélaginu og hvað við höfum lagt mikið að mörkum oft án þess að fá greitt fyrir. Er hugsað nógu vel um eldri konur? Ég ætla að ljúka þessum orðum með ósk um að við konur og karlar lyftum grettistaki til að bæta hag og ná jafnrétti kvenna á öllum aldri og sérstaklega virðingu fyrir eldri konum. Við getum það við höfum oft lyft grettistaki. Ofurkonur, konur og kvenfólk aftur til hamingju með daginn.

Við stækkum fermingar- gjöfina þína

Við leggjum til allt að **12.000** króna mótframlag þegar fermingarbörn leggja inn á Framtíðargrunn og í verðbréfasjóð. Það borgar sig að spara til framtíðar. Velkomin í Landsbankann.

FALLEGIR FASTEIGNASALAR

Láttu faglega, og fallega, fasteignasala sjá um sölu á þinni eign.

Hafðu samband og við gerum eitthvað gott, og við gerum það saman!



Vegmúla 4, 108 Reykjavík



GARÐAR B. SIGURJÓNSSON

Löggiltur fasteignasali og sölustjóri
gardarbs@trausti.is
898-0255

ÓLAFUR HAUKUR ÓLAFSSON

Aðstoðarmaður fasteignasala
olafur@trausti.is
866-1242

NÝ VEFVERSLUN

Sundföt fyrir konur á öllum aldri
og mikið úrval af fylgihlutum



Aquasport
SUNDVERSLUN

Bæjarlind 1-3 201 Kópavogi
opið mán-fös 10-18 og lau 11-15
www.aquasport.is



*Útfararþjónusta
í yfir 70 ár*

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



PASSÍUSÁLMAR Í SELTJARNARNESKIRKJU á Föstudaginn langa 2. apríl 2021

Allir fimmtíu Passíusálmur sr. Hallgríms Péturssonar
lesnir af safnaðarfólki frá kl. 13:00 til 18:00.




Komið og dveljið lengur eða skemur.

Njótið kyrrðar við ljúfan lestur
og tónlist í kirkjunni.

- Kaffiveitingar í safnaðarheimilinu -

Tónlist

Hlín Erlendsdóttir (fiðla)
Friðrik Vignir Stefánsdóttir (orgel)



Passíusálmarnir eru einstakur
kveðskapur um píslargöngu Jesú,
fyrst gefnir út árið 1666 á Hólum.
Ekkeritt hefur verið prentað
jafnóft á íslensku. Prentanir
orðnar yfir 100, auk ógáta á fjölda
annarra tungumála

Kirkjan verður opin þeim sem vilja hlýða á lesturinn þar – að viðhöfðum sóttvarnarreglum.
Viðburðinum verður einnig streymt á fésbókarsíðu Seltjarnarneskirkju fyrir þá sem vilja
njóta hans heima.

Hin vinsælu sunnudagserindi í kirkjunni verða haldin fram á vor. Þau hefjast kl. 10 og lýkur fyrir
upphaf guðsþjónustu kl. 11.

Fyrirlesarar og efni framundan eru sem hér segir:

- 28. mars** - DYMBILVIKA/KYRRRAVIKA; Karl Sigurbjörnsson, biskup
- 11. apríl** - KIRKJUR GUÐJÓNS SAMÚELSSONAR; Pétur H. Ármannsson, arkitekt
- 18. apríl** - BYLTINGAR OG BREYTINGAR Í KIRKJUNNI?
Kynning á doktorsritgerð; Sr. Steinunn Arnprúður Björnsdóttir
- 25. apríl** - JÚDITARBÓK Í FORNRI ÞÝÐINGU; Dr. Svanhildur Óskarsdóttir, rannsóknarprófessor
- 2. maí** - MAGNÚS FRATER EIRÍKSSON – GUÐFRÆÐI HANS; Sr. Eiríkur Jóhannsson
- 9. maí** - BISKUPAR Í SKÁLHOLTÍ; Kristján Björnsson, vígslubiskup í Skálholti
- 16. maí** - SPÆNSKA VEIKIN OG NÚTÍMINN; Gunnar Þór Bjarnason, sagnfræðingur

Leikskóli Seltjarnarness

Innritun fyrir skólaárið 2021-2022



Innritun barna fyrir skólaárið 2021-2022 fer fram í aprílmánuði nk. Til að eiga rétt á leikskóladvöl þarf barn að eiga lögheimili á Seltjarnarnesi. Sækja skal um leikskóladvöl á heimasíðu Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is gegnum Mínar síður. Mikilvægt er að umsóknir hafi borist fyrir **31. mars nk.** Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða afgreiddar eftir því sem leikskólapláss losnar.

Nánari upplýsingar og aðstoð við innritun veitir Sonja Jónasdóttir í síma 5959287. Fyrirspurnir má einnig senda á sonja@seltjarnarnes.is og leikskoli@seltjarnarnes.is

Upplýsingar um Leikskóla Seltjarnarness:

<http://leikskoli.seltjarnarnes.is/>

www.seltjarnarnes.is/thjonusta/menntun/leikskolar/

<http://www.seltjarnarnes.is/thjonusta/menntun/leikskolar/innritunarreglur/>

Skólaskrifstofa Seltjarnarnesbæjar



BÓKAÐ MÁL

Órói



Á kaldblautum mánudagsmorgni horfi ég á slyddudrulluna á gólfduknunum, kappdúðuð leikskólabörnin og kennarana sem kinka þreytulega kolli. Svo kveður við skellur og allt hristist svo brakur í veggjum. Ég forða nokkrum *Borgfirzrum æviskrám* frá því að hendast fram á gólf. Það fer ekkert á milli mála hvar í heiminum ég er staddur.

Undanfarið höfum við verið rækilega minnt á að við búum á dyntótttri eldfjallaeyju og ef eitthvað er íslenskra en að ræða veðrið og veðurspána er það að spá fyrir um jarðhræringar og eldsumbrot. Við setjum upp sérlega glæsilega spekingshatta á nokkurra ára fresti þegar jörðin skelfur og þá má heyra ótrúlegasta fólk slá um sig með hugtökum á borð við óróapúls, gushlaup og kvikuinnskot. En þessi reglulega skyndiaukning á jarðvísindakunnáttu þjóðarinnar er auðvitað rannsóknarnefni út af fyrir sig.

Sumir eru þó færari spámenn en aðrir og þótt undrum sæti hvernig vísindafólkið spáir fyrir um hræringar í jarðskorpunni er það rithöfundurinn Sigríður Hagalín sem hefur verið hvað mest í sviðsljósinu undanfarið enda bera efnistökin í nýjustu skáldsögu hennar vott um ókennilega spádómsgáfu. Þar stendur meðal annars:

Fagradalsfjall skelfur og við skjálfum með. Skjálfum og bíðum eftir margboðuðu eldgosi ...

Er nema von að við spyrjum upp úr hvaða kristalskúlu Sigríður skrifar og hvort við gætum fengið að kíkja í hana, þó ekki væri nema til að sjá hvernig ferðasumarið verður?

Framundan er einmánuður og sagt er að ef hann er votur boði það gott vor. Ekki er þó farið mikið út í hvað það boðar ef rignir eldi og brennisteini. Því er við hæfi að rifja upp ljóðið „Á einmánuði“ eftir Snorra Hjartarson:

Fyrsta nálin í sinunni

*Tveir fíflar undir vegg
suðandi fluga*

Og þessa einföldu en áhrifaríku mynd af snemmvorinu er hreystandi að hafa í huga því þrátt fyrir allt munu fíflarnir spretta aftur. Þótt þeir komi upp skjálfandi í 4,6 á Richter.

TRYGGVI STEINN STURLUSON
Bókavörður á Bókasafni Seltjarnarness

ER PLANIÐ SKÍTUGT?

● GÖTUSÓPUN
● ÞVOTTUR
● MÁLUN

Fáðu tilboð í s: 577 5757
www.gamafelagid.is

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 11-16
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Kjötkompaní

GRILLUM
OG
NITÓTUM
UM
PÁSKANA



Hafnarfjörði & Grandá

www.kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)

Nýstárlegur miðbær í niðurníðslu

Þegar bæjarstjórn Seltjarnarness kynnti nýjan „nýstárlegan miðbæ á Seltjarnarnesi“ fyrir um 40 árum síðan byggðu hugmyndirnar á háleitum markmiðum um hverfiskjarna sem átti að vera aðlagandi fyrir fólk og fyrirtæki. Ég er einn af þeim sem er alltof skotinn í Eiðistorgi og held því reglulega fram að bæjarstjórn Seltjarnarness hafi byggt fyrstu metro stöð landsins árið 1983. Til þess að skilja Eiðistorg þá finnst mér best að sjá fyrir mér að neðanjarðarlest stoppi í danskólanum sem staðsettur er á sömu hæð og Rauða ljónið og að þaðan streymi Seltirningar upp stiga torgsins að loknum vinnudegi. Sumir tylla sér á Ljónið á meðan aðrir grípa sér mat og blóm í Hagkaup, eina rauða í ríkinu og kaffibolla á Örnunni til að taka með sér áður en gengið er heim leið eða hoppað upp í leið 11 sem að keyrir Neshringinn.

Þessi draumsýn um Eiðistorg mun þó eflaust ekki rætast á næstu 40 árum og virðumst við frekar vera föst í einhvers konar stöðnun þar sem að þjónustufyrirtækin hverfa eitt af öðru og núverandi meirihluti hefur hvorki áhuga né metnað til þess að þróa miðbæinn áfram eða að sinna lágmarks viðhaldi.

Munum fylgja eftir fullnægjandi brunavörum

Í byrjun mars rötuðu málefni Eiðistorgs í fréttirnar þegar upp komst að slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu hafi gert margvíslegar athugasemdir við brunavarnir á Eiðistorgi allt frá árinu 2016. Sveitarfélagið brást ekki við athugasemdunum sem snéru m.a. að flóttaleiðum, brunavarnarkerfi og reyrkræstingu sem skapað hefur talsverða hættu fyrir starfsfólk, íbúa og gesti Eiðistorgs. Við í minnihlutanum óskuðum strax eftir að málið yrði tekið upp í bæjarráði þar sem við

vorum upplýst um að búið væri að panta nýjar hurðar og unnið væri að því að bregðast við athugasemdunum, fimm árum eftir að þær bárust. Við munum fylgja því eftir að brunavarnir verði gerðar fullnægjandi en eftir stendur áfram miðbær í niðurníðslu með þaki sem liggur undir skemmdum.

Meirihluti sem hefur áhuga

Það þarf ekki neðanjarðarlest til þess að bjarga Eiðistorgi en það þarf að sýna torginu smá ást og hefja samráð við bæjarbúa, rekstraradila og fagfólk um hvernig megi efla torgið og umhverfið í kring svo það nái að sinna hlutverki sínu sem eftirsóknarverður staður fyrir fólk og fyrirtæki. Ef við lítum til sveitarfélaganna í kringum okkur þá hafa þau unnið markvisst að því að styðja við hverfiskjarna sína með þéttingu byggðar, bættum samgöngum og fellegra umhverfi. Sem dæmi má nefna svæðið í kringum Melabúðina og Kaffi Vest og þegar Garðabær byggði við Garðatorg á bílastæði torgsins og fékk með því nýja íbúa, veitingastaði og verslanir sem opnast beint út á götu. Þetta er því ekki spurning um hvort það sé hægt efla torgið og gera það meira aðlagandi heldur spurning um hvenær við fáum meirihluta sem hefur einhvern raunverulegan áhuga á því að leita lausna og bæta umhverfið og þjónustu á Nesinu.

Guðmundur Ari Sigurjónsson.
Bæjarfulltrúi Samfylkingar Seltirninga.



Guðmundur Ari Sigurjónsson.

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Nú hefur nánast öllum hömlum verið aflétt hvað varðar félags og tómstundastarf eldri bæjarbúa. Enn þurfum við þó að fara varlega og huga að sóttvörnum og enn eru það fjöldi og nálægðatakmörkin sem aftra okkur frá að halda samverustundir í salnum og fara í ferðir, en þegar bólusetningum lýkur þá breytist þetta allt.

Undanfarið ár hefur verið fólk mis erfið og allt sem á hefur gengið í þjóðfélaginu okkar hefur tekið á. Hvað varðar félags og tómstundastarf eldri borgara hér hjá okkur þá hefur orðið mikil breyting á rúmu einu ári. Tugir einstaklinga hafa horfið okkur sjónum, ýmist látist, flust yfir á hjúkrunarheimili eða sjúkrahöfnunir eða í aðra búsetu. Uppistaða í mörgum af okkar dagskrárliðum hafa verið elstu einstaklingarnir og við því ekki farið varhluta af fækkuninni. Margir hafa dregið sig í hlé af eðlilegum ástæðum, og þá má alltaf búast við að erfiðara sé að koma sér af stað aftur. Almenn færni og félagsleg virkni minnkar, en nú er lag, sumarið handan við hornið og haustdagskráin opin fyrir öllu.

Við viljum halda úti öflugum félagsstarfi þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Viljum við breyta einhverju? Á hvað viljum við leggja áherslu? Hverju viljum við bæta inn í dagskrána, hverju viljum við halda og hverju viljum við henda út?

Endilega komið með tillögur og við hjálpumst við að koma þeim í framkvæmd.

Hvetjum ykkur til að senda okkur tölvupóst á kristin.hannesdottir@seltnarnarness.is þannig að út frá þeim netföngum sem okkur berast gætum við útbúið tilkynningalista á þá sem vilja. Einnig hvetjum við ykkur til að líta við í félags og tómstundaaðstöðunni á Skólabraut, eða hringja í síma 5959147 / 8939800.

Einnig minnum við á að um leið og fjöldatakmörkunum lýkur þá fer Janúsar heilsueflingarverkefnið af stað.

Einnig minnum við á eftirfarandi námskeið:

Notkun samskiptamiðla og nám á netinu í tómstundum fyrir 60+

Ert þú með fulla starfsorku og áhuga sem þú vilt beina í jákvæðan farveg þrátt fyrir að vera vera 60+? Langar þig að þjálfast í notkun samskiptamiðla, styðja við og víkka út starf þitt í tómstundum með námi á netinu? Jafnvel að kanna nýjar leiðir? Ef svarið er já, þá er þetta námskeið fyrir þig

Farið verður yfir notkun á helstu samskiptamiðlunum til að mynda Facebook, Messenger, Face Time og Snapchat. Einnig lærir þú að „gúgla“ dálítið um nám á netinu, skoða hvar áhugasvið þitt liggur, kanna styrkleika þína o.fl. Nauðsynlegt er að hafa með sér snjalltæki t.d. síma, fartölvu eða spjaldtölvu.

NÁMSKEIÐIÐ VERÐUR Í 5 SKIPTI Á ÞRIÐJUDÖGUM OG HEFST ÞRIÐJUDAGINN 20. APRÍL OG VERÐUR HALDIÐ Í HÁTÍÐARSAL GRÓTTU MILLI KL. 10.00 OG 12.00. NÁMSKEIÐIÐ ER ÞÁTTTAKENDUM AÐ KOSTNAÐARLAUSU. HEITT Á KÖNNUNNI.

Ef þú vilt fá frekari upplýsingar um námskeiðið og/eða hefur áhuga á að vera með, hafðu þá samband á netfangið hildigunnur@uppnam.is eða í síma 8956374.

Umsjón með námskeiðinu hefur Hildigunnur Gunnarsdóttir, menntunarfræðingur og náms- og starfsráðgjafi. Námskeiðið er þróunarverkefni sem er styrkt af Lýðheilsusjóði og unnið í samvinnu við félags og tómstundastarf eldri bæjarbúa hér á Seltjarnarnesi.



Nesfréttir

www.borgarblod.is



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

www.grantthornton.is

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.



Öruggara spjall

Í öruggu netspjalli á islandsbanki.is getur þú auðkennt þig með rafrænum skilríkjum og sinnt öllum almennum bankaviðskiptum á einfaldan hátt.

Góð þjónusta breytir öllu





Frá vinstri: Alex Kári Þórhallsson, Gabríel Örtenblad Bergmann, Hrafn Ingi Jóhannsson, Hannes Pétur Hauksson, Hilmir Örn Nielsen og Antoine Óskar Pantano.

14 leikmenn Gróttu boðaðir á landsliðsæfingar

Níu drengir voru boðaðir á landsliðsæfingar hjá fjórum landsliðum og fimm stúlkur hjá tveimur landsliðum.

Ólafur Brim Stefánsson leikmaður meistaraflokks karla var valinn í æfingahóp hjá U-21 landsliðshópnum en þær æfingar féllu niður sökum þess að verkefni U-21 árs landsliðsins sem framundan var í sumar hefur verið aflýst sökum heimsfaraldurs. Ari Pétur Eiríksson leikmaður 3. flokks og meistaraflokks æfði með U-19 ára landsliðinu. Þrír leikmenn æfðu með U-17 ára liðinu, þeir Birgir Örn Arnarsson, Gabríel Örtenblad Bergmann og Hilmir Örn Nielsen en tveir síðar nefndu eru leikmenn í 4. flokki. Alex Kári Þórhallsson, Antoine Óskar Pantano, Hannes Pétur Hauksson og Hrafn Ingi Jóhannsson æfðu með U-15 ára landsliðinu allir eru þeir á yngri ári í 4. flokki. Um komandi helgi munu þær, Hrafnhildur Hekla Grímsdóttir, Katrín Helga Sigurbergisdóttir og Patricia Dúa Thompson æfa með U-21 landsliðinu og á meðan munu þær Katrín Anna Ásmundsdóttir og Joanna Marianova Sjarova æfa með U-17 ára landsliðinu. Allar eru þær í meistaraflokki Gróttu auk þess að leika með yngri flokkum félagsins.



6. og 7. flokkur kvenna á Krónumóti HK

6. og 7. flokkur kvenna í fótbolta í Gróttu kepptu á Krónumóti HK helgina 6.-7. mars sem fór fram í Kórnum í Kópavogi.

Á laugardeginum spilaði 6. flokkur kvenna en þær tefldu fram 5 liðum á mótinu. Á sunnudeginum var svo komið að 7. flokki kvenna en þær voru með fjögur lið. Sumar voru að spila á sínu fyrsta alvöru fótbolta móti en þær höfðu allar beðið lengi spenntar eftir þessum degi, enda ansi langt síðasta mót var. Stelpurnar stóðu sig ótrúlega vel og ljóst að framtíðin er björt hjá Gróttu. Fleiri myndir má sjá á [instagram.com/grottasport](https://www.instagram.com/grottasport) og á Facebook síðu Gróttu knattspyrna.

Ofurhetjumót Fimleikadeildar Gróttu

Helgina 5. – 7. mars fór fram Ofurhetjumót Fimleikadeildar Gróttu. Á mótinu sýndu 420 iðkendur úr 7 félögum listir sínar og kepptu í 3., 4., 5. og 6. þrepi íslenska fimleikastigans. Aldrei hafa fleiri þátttakendur skráð sig á mótið og gekk allt saman virkilega vel. Gróttu átti 78 keppendur á mótinu.

Við þökkum öllum keppendum á mótinu fyrir að sýna frábær tilþrif. Dómurum og þjálfurum fyrir vel unnin störf ásamt öllum þeim sjálfbóaliðum sem lagt hafa hönd á plóg.



www.grotta.is

GETRAUNANÚMER GRÓTTU

170

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Anna Lára Davíðsdóttir. Hún var í janúar valin íþróttakona Seltjarnarness 2020. Anna Lára leikur handbolta með meistaraflokki Gróttu.

Fullt nafn? Anna Lára Davíðsdóttir.
Fæðingard. og ár? 30. ágúst 2000.
Starf? Laganemi við Háskóla Íslands.
Farartæki? Volkswagen golf.

Helstu kostir? Ákveðin, skipulögð og dugleg.

Eftirlætis matur? Naut og bernaise.

Eftirlætis tónlist? Popp tónlist.

Eftirlætis íþróttamaður?

Systkini mín, Nora Mørk og Harry Kane.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Grey's Anatomy.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Harry Potter bækurnar allan daginn.

Uppáhalds leikari? Jake Gyllenhaal og Meryl Streep.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Crazy rich Asians.

Hvað gerir þú í frístundum þínum?

Hef það notalegt með vinum mínum og fjölskyldu.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á?

Grand Canyon.

Hvað metur þú mest í fari annarra?

Heiðarleika.

Hvern vildir þú helst hitta?

Oprah Winfrey.



Uppáhalds vefsíða? Handbolti.is

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf?

Alltaf gaman að fá smá pening.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 10 milljónir í happdrætti?

Ég myndi fyrst og fremst leggja það til hliðar og nýta mér það í íbúðarkaup en þó myndi ég líklega einnig bjóða fjölskyldunni minni í smá sólarfrí.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag?

Merkja eitt bílastæði fyrir framan íþróttahúsið í mínu nafni.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Draumurinn er alltaf að ná langt í handboltanum en svo er markmiðið líka að njóta augnablikins og sjá til hvernig allt verður.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Ég vann mest allt sumarið, var síðan mikið með vinum mínum og ferðaðist um landið okkar fagra.

TÍMAMÓT




Gæða jógaútnur fyrir framtíðina. Asanas, Manduka. Frábær tímamótgjöf fyrir fermingarfólk og aðra.



Lífrænrir samfestingar. Móst í fataskápinn, jóga og sumarferðalagið.



Mjög innihaldsrikt möntruskart. Gjöfin til fermingarfólks 2021.



Vertu Spiritual Gangster í sumar. Einstakar peysur unnar af hugsjónafólki í LA.



D og K vítamín Loksins. Frá Viridian. Alveg í hárréttum hlutföllum.



Vagusolía Nuddaðu mikilvægustu taug líkamans.



www.systrasamlagid.is

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK



Afgreiðslutími:
Mán: 11-16
Þri-fös: 11-18
Lau: 11-16

ÓÐINGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

BYKO

Gerum þetta saman

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

Takk kærlega fyrir okkur. Viðskiptavinir BYKO eru þeir ánægðustu - **fjórða árið í röð!**

*Skv. könnun Íslensku ánægjuvogarinnar **2017, 2018, 2019** og **2020** á ánægju viðskiptavina á byggingavörumarkaði.

Afgreiðslutími

Virka daga **8-18**
Laugardaga **10-18**
Sunnudaga **10-16**
www.byko.is



BYKO
GRANDI
KOMDU Í HEIMSÓKN!

Verlaðu á netinu á byko.is